

Nd.

118. Frumvarp til laga

[100. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson,
Björn Pálsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Á eftir 3. másl. 1. gr. laganna komi nýr máslíður, svo hljóðandi:
Þó skulu tilraunir um innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verk-
efnum um fyrirgreiðslu.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni.
Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 20 milljónum króna á ári.
Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um,
hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitserðir þeirra skulu jafnan liggja
fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til
sjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum í desember
1966. Stofnframlag ríkissjóðs var 50 milljónir króna, sem skyldu greiðast á fjórum
árum: í fyrsta sinn 1966 20 milljónir króna, en síðan 10 milljónir króna á ári næstu
þrjú árin. Fyrsta greiðslan fór til að greiða upp í þann halla, sem varð á útflutnings-
sjóði 1966. Stofnfé sjóðsins var því raunverulega aldrei nema 30 milljónir króna.
Miðað við það verkefni, sem sjóðnum er ætlað lögum samkvæmt, ná þessir fjármunir
skammt til að styðja aðkallandi verkefni, ekki sízt nú, þegar framkvæmdarmáttur
hverrar krónu hefur minnkað fast að helmingi. En þar sem framlag ríkissjóðs til
sjóðsins fellur niður á næsta ári að óbreyttum Framleiðnisjóðslögunum, þá er það
mikið nauðsynjamál, að frumvarp þetta fái fullnaðarafgreiðslu sem allra fyrst.

Það kom glögg fram á liðnu sumri, hvað bændur eru vanbúnir að mæta slíku
veðurfari sem var um mestan hluta laudsins í sumar. Því er það mjög brýnt að
kanna allar tiltækar leiðir til að koma í veg fyrir, að slíkt geti endurtekið sig. Það er
ekki mál bændanna einna eins og sumir telja, hvernig til tekst með öflun fóðurs
handa húpeningi landsmanna og hvernig gæði fóðursins eru. Gæði afurðanna eru
mest undir því komin, hvernig fóðrið er, og enginn vafi leikur á því, að það hefur
veruleg áhrif á heilsufar þjóðarinnar, að þessi þáttur framleiðslunnar, fóðuröflunin,
sé í góðu lagi.

Af þessu leiðir, að það er mjög aðkallandi fyrir þjóðarheildina að láta fara fram
sem víðtækasta könnun á því, hvernig hægt sé að koma í veg fyrir eða a. m. k. draga
verulega úr slíkum áföllum sem þjóðin varð fyrir í sumar af völdum votviðrisins.
Fara þarf fram rannsókn á því, hve vatnsmikið hey má taka í súgburrkun og við
hvaða skilyrði. Fræðsla um þetta efni þarf að fara fram jafnhliða rannsókninni, og
jafnvel þarf að skoða súgburrkunarkerfi og allan umbúnað því samfara og gefa leið-
beiningar um úrbætur, þar sem þess er þörf. Enn fremur þarf að rannsaka votheys-
gerð á sama hátt, hvers konar geymslur mundu reynast ódýrastar og hentugastar
fyrir slíka heyverkun, um tæknibúnað í sambandi við votheysgerð o. s. frv. Og í
þriðja lagi þarf að fá hraðþurrkunartæki og gera rannsóknir á þeirri verkunar-
aðferð. Síðan þarf að bera saman kostnað og gæði fóðurs, sem er verkað með öllum

Þessum heyverkunaraðferðum, og leita eftir auðveldum leiðum til að miðla bændum af þeirri reynslu, sem af þessum rannsóknum fæst, jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir. Vegna kalskemmda víða um land að undanfögnu, þarf að gera tilraunir með ræktun einærra jurta og ræktun á ýmiss konar grænfóðri, og samanburðarrannsóknir á því þurfa að koma til, hvaða verkunaraðferðir koma til greina og henta best, miðað við fóðurgildið og við breytileg ytri skilyrði.

Áföllin, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, ættu að hafa aukið skilning almennings á því, að nú þurfi að bregða við og leita eftir úrræðum til að koma í veg fyrir slík áföll, eftir því sem hægt er. Það verður ekki gert nema með víðtækum rannsóknum, sem kosta mikið fjármagn. En til að tryggja það, að þær rannsóknir, sem ráðizt verður í, séu gerðar á skipulegan hátt og það fjármagn, sem til þeirra verður varið, nýtist sem best, komum við ekki auga á heppilegri leið en að Framleiðnisjóður inni þetta hlutverk af hendi, enda samræmist það upphaflegu hlutverki sjóðsins.

Annað brýnt verkefni, sem Framleiðnisjóður þarf að styðja, er endurbygging á sláturhúsunum. Þar stefnir í algjört óefni, ef ekki verður að gert hið bráðasta.

Margt fleira mætti nefna, sem er þess eðlis, að Framleiðnisjóður ætti að veita því stuðning, væri hann þess megnugur. En þar sem þau viðfangsefni, sem hér hefur verið fjallað um, eru stór og aðkallandi og ekki líklegt, að öðru verði hægt að sinna að neinu ráði á næstunni, er ekki ástæða til að ræða um fleira að sinni.

Flutningsmönnum er ljóst, að það fjármagn, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, er allt of naumt, þó að sú fjárveiting verði samþykkt til sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. En með tilliti til greiðslugetu ríkissjóðs þótti ekki vænlegt til árangurs að gera tillögu nú um hærra upphæð, enda auðvelt að hækka hana, ef fært þykir í meðförum þingsins.